

TILSKIPUN RÁÐSINS 92/29/EBE

frá 31. mars 1992

um lágmarkskröfur um öryggi- og hollustu til að bæta lækni meðferð um borð í skipum

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 118. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾, sem gerð var að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd á vinnustað,í samvinnu við Evrópuþingið ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um áætlun þá er varðar öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd á vinnustöðum ⁽⁴⁾ eru lagðar til ráðstafanir til að tryggja lækniþjónustu á sjó.

Þörf er á sérstakri gætni vegna öryggis og heilbrigði starfsmanna um borð í skipi þar sem margvíslegar hættur leynast á verkswæðum, meðal annars með landfræðilega einangrun þess í huga þar sem við á.

Um borð í skipum skulu vera nægilegar birgðir af skipulega frágengnum lyfjum sem reglulegt eftirlit er haft með til að starfsmenn fái notið nauðsynlegrar lækni meðferðar á hafi úti.

Til að tryggja viðeigandi lækni meðferð á hafi úti ætti að hvetja til þess að sjófarendur hljóti þjálfun og fái upplýsingar um notkun sjúkragagna.

Notkun fjarskiptabúnaðar til samráðs við lækna er árangursrík aðferð til að stuðla að öryggis- og heilsuvernd starfsmanna.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. C 183, 24. 7. 1990, bls. 6 og Stjttíð. EB nr. C 74, 20. 3. 1991, bls. 11.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. C 48, 25. 2. 1991, bls. 154 og Stjttíð. EB nr. C 326, 16. 12. 1991, bls. 72.

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. C 332, 31. 12. 1990, bls. 165.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. C 28, 3. 2. 1988, bls. 3.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) *skip*: skip sem siglir undir fána aðildarríkis eða er skráð innan óskoraðrar lögsögu aðildarríkis, haffært skip eða skip sem veiðir í árósum, í opinberri eign eða einka eign, að undanskildum:
- skipum á skipgengum vatnaleiðum,
 - herskipum,
 - skemmtibátum sem eru ekki notaðir í ábataskyni og eru ekki með fagmenn í áhöfn,
 - dráttarbátum sem eru starfræktir í höfnum.

Skipum skal skipt í þrjá flokka í samræmi við I. viðauka;

- b) *starfsmaður*: einstaklingur sem gegnir starfi um borð í skipi, þar með taldir viðvaningar og lærlingar en að undanskildum hafnsögumönnum og landmönnum sem gegna starfi um borð í skipum sem liggja við bryggju;
- c) *eigandi*: skráður eigandi skips, nema skipið hafi verið leigt samkvæmt samningi, eða sé annaðhvort að fullu eða að hluta undir stjórn einstaklings eða lögaðila annars en skráðs eiganda samkvæmt skilmálum stjórnunarsamnings; í slíkum tilvikum skal eigandi vera tilgreindur, eftir því sem við á, sem samningsleigutaki eða einstaklingur eða lögaðili með skipið undir stjórn;
- d) *sjúkragögn*: lyf, lækningatæki og mótefni, skrá yfir þetta sem ekki er tæmandi er að finna í II. viðauka;
- e) *mótefni*: efni sem notað er til að koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum, beint eða óbeint, eins eða fleiri efna, sem talin eru upp í skránni yfir hættuleg efni í III. viðauka.

2. gr.

Lyf og lækningatæki — sjúkraklefi — lækni

Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að:

1. a) öll skip sem sigla undir fána þess eða eru skráð innan óskoraðrar lögsögu þess hafi ávallt um borð sjúkragögn sem uppfylla að minnsta kosti þær

- gæðaforskriftir sem settar eru fram í I. og II. hluta II. viðauka fyrir þann flokk skipa sem þau tilheyra;
- b) magn sjúkragagna og lækningatækja sem eiga að vera tiltæk fari eftir því hvers eðlis sjóferðin er – einkum að því er varðar viðkomuhafnir, áfangastað, lengd ferðar – starf eða störf sem vinna á meðan á sjóferð stendur, tegund farms og fjölda starfsmanna;
- c) þau lyf og lækningatæki sem teljast til sjúkragagna skuli talin upp á gátlista sem samsvarar að minnsta kosti þeim almenna ramma sem mælt er fyrir um í 1. og 2. lið II, A-, B- og C-hluta í IV. viðauka;
2. a) öll skip sem sigla undir fána þess eða eru skráð innan óskoraðrar lögsögu þess séu búin vatnsþétum sjúkrakössum í gúmbjörgunarbátum og lífbátum sínum sem innihalda að minnsta kosti sjúkragögnin sem tilgreind eru í I. og II. hluta II. viðauka að því er varðar skip í C-flokki;
- b) innihald þessara kassa sé einnig talið upp á gátlistanum sem um getur í c-lið 1. mgr.;
3. öll skip sem sigla undir fána þess eða eru skráð innan óskoraðrar lögsögu þess, eru yfir 500 brúttótonn að stærð með áhöfn sem telur fleiri en 15 starfsmenn og eru í ferðum sem standa lengur en þrjú daga hafi sjúkraklefa þar sem hægt er að veita lækni meðferð með viðeigandi aðgangi að efnum og hreinlætisaðstöðu;
4. öll skip sem sigla undir fána þess eða eru skráð innan óskoraðrar lögsögu þess með áhöfn sem telur fleiri en 100 starfsmenn og eru í alþjóðlegum ferðum sem standa lengur en þrjú daga hafi lækni um borð sem veitir starfsmönnum læknishjálp.

3. gr.

Mótefni

Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að:

- öll skip sem sigla undir fána þess eða eru skráð innan óskoraðrar lögsögu þess og flytja eitthvert hættulegu efnanna sem skráð eru í III. viðauka hafi um borð sjúkragögn að meðtöldu mótefninu sem skráð er í III. hluta II. viðauka;
- öll skip sem eru í ferjuflutningum og sigla undir fána þess eða eru skráð innan óskoraðrar lögsögu þess en vegna eðlis starfsemi þeirra er ekki ætíð vitad nægilega tímanlega um hvaða hættuleg efni er verið að flytja hafi um borð sjúkragögn að meðtöldum mótefnunum sem skráð eru í III. hluta II. viðauka;

Þó má takmarka mótefni um borð við efnin sem gefa þarf í algjörum neyðartilvikum innan tíma sem er ekki lengri en venjulegur siglingartími ferju ef sigling milli viðkomustaða varir ekki lengur en tvær klukkustundir að jafnaði;

- magn mótefnis í sjúkragögnunum skal talið upp á gátlistanum og skal það samsvara að minnsta kosti þeim almenna ramma sem mælt er fyrir um í hlutum 3. lið II, A-, B- og C-hlutum í IV. viðauka.

4. gr.

Dreifing ábyrgðar

Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að:

- a) útvegum og endurnýjun sjúkragagna allra skipa sem sigla undir fána þess eða eru skráð innan óskoraðrar lögsögu þess fari fram með fullri ábyrgð eiganda án útgjalda fyrir starfsmenn;
- umsjá sjúkragagna sé á ábyrgð skipstjóra; hann megi, með fyrirvara um þessa ábyrgð, fela einum eða fleiri starfsmönnum sem sérstaklega eru skipaðir til þess vegna starfshæfni þeirra, notkun og viðhald sjúkragagnanna;
- sjúkragögnunum sé haldið í góðu ásigkomulagi og viðhaldið og/eða skipt um þau svo fljótt sem auðið er og njóti í öllum tilvikum forgangs við venjuleg birgðaskipti.
- ef neyðarástand ríkir um borð, sem skipstjóri staðfestir eftir því sem auðið er að fengnu læknisáliti, skuli nauðsynleg lyf, lækningatæki og mótefni sem ekki eru fáanleg um borð útveguð eins fljótt og auðið er.

5. gr.

Upplýsingar og þjálfun

Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að:

- sjúkragögnum fylgi einn eða fleiri leiðarvísar um notkun þeirra, þar með talda leiðbeiningar um notkun mótefnanna sem krafist er samkvæmt III. hluta II. viðauka að minnsta kosti;
- allir einstaklingar sem hljóta fagþjálfun til starfa um borð í skipum hafi hlotið grundvallarþjálfun í sjúkra- og neyðarhjálp sem grípa þarf til í skyndingu ef slys ber að höndum eða lífshættulegt neyðarástand skapast;
- skipstjórinn og starfsmaður eða -menn sem hann felur notkun sjúkragagnanna samkvæmt b-lið 1. mgr. 4. gr. hafi hlotið sérstaka þjálfun sem er endurtekin reglulega,

að minnsta kosti á fimm ára fresti, að teknu tilliti til sérstakra áhættuþátta og þarfa sem snerta hina ýmsu flokka skipa og í samræmi við almennar leiðbeiningar sem settar eru fram í V. viðauka.

6. gr.

Læknisráðgjöf með hjálp fjarskipta

1. Til að tryggja betri neyðarhjálp starfsmanna skal hvert aðildarríki gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að:

- a) ein eða fleiri læknaeiðstöðvar séu valdar til að veita starfsmönnum ókeyypis læknisráðgjöf með hjálp fjarskipta;
- b) þeir læknaer sem veita þjónustu með fjarskiptum á læknaeiðstöðvum hafi hlotið þjálfun við hinar sérstöku aðstæður sem eru um borð í skipum.

2. Í því skyni að tryggja bestu mögulega fjarskiptaráðgjöf mega fjarskiptalæknaeiðstöðvarnar halda persónulegar sjúkraskýrslur, að fengnu samþykki viðkomandi starfsmanna.

Slíkar skrár skulu vera trúnaðarmál.

7. gr.

Eftirlit

1. Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þar til hæfur einstaklingur eða lögbært yfirvald framkvæmi árlegt eftirlit til að sannreyna að um borð í öllum skipum sem sigla undir fána þess:

- uppfylli sjúkragögnin lágmarkskröfur þessarar tilskipunar;
- staðfesti gátlistinn sem kveðið er á um í c-lið 1. mgr. 2. gr. að sjúkragögnin uppfylli þessar lágmarkskröfur;
- séu sjúkragögnin geymd á réttan hátt;
- hafi dagsetning um hámarksgeymsluþol verið virt.

2. Eftirlit með sjúkragögnunum sem geymd eru í björgunarbátum skal fara fram við árlegt eftirlit og viðhald björgunarbátanna. Í undantekningartilvikum má fresta slíku viðhaldi í allt að fimm mánuði.

8. gr.

Nefnd

1. Með hliðsjón af strangri tæknaeiðlögun viðaukanna við þessa tilskipun í ljósi tæknaframfara eða breytinga á alþjóðlegum reglugerðum og forskriftum auk nýrra uppgötvana á þessu sviði skal framkvæmdastjórnin njóta aðstoðar nefndar sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna undir forystu fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu sínu á drögum fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er. Álitinu skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðið á að samþykkja samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vega eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.

Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álit, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekkert aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir.

9. gr.

Lokaákvæði

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 31. desember 1994. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt hafa verið eða fyrirhugað er að samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. Aðildarríkin skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu á fimm ára fresti um framkvæmd þessarar tilskipunar þar sem fram kemur viðhorf aðila vinnumarkaðarins.

málanefndinni skýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar að teknu tilliti til 1., 2., og 3. mgr.

10. gr.

Framkvæmdastjórnin skal veita Evrópuþinginu, ráðinu, efnahags- og félagsmálanefndinni og ráðgjafarnefndinni um öryggi, hreinlæti og heilbrigði á vinnustað þessarar upplýsingar.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 31. mars 1992.

Fyrir hönd ráðsins,

Vitor MARTINS

forseti.

4. Framkvæmdastjórnin skal á að minnsta kosti fimm ára fresti gefa Evrópuþinginu, ráðinu og efnahags- og félags-

I. VIDAUKI

FLOKKAR SKIPA

(a-liður 1. gr.)

- A. Haffær skip eða sjófiskiskip sem geta verið í langsiglingum.
- B. Haffær skip eða sjófiskiskip sem fara styttri sjóferðir en 150 sjómílur frá næstu höfn þar sem nægileg sjúkragögn eru tiltæk⁽¹⁾.
- C. Innahafnarskip, bátar og fôr sem halda sig mjög nærri ströndinni eða eru ekki með aðra viðveruadstöðu en stýrishús.

⁽¹⁾ Útvíkka skal flokk B svo að hann nái til haffærra skipa eða sjófiskiskipa sem fara styttri sjóferðir en 175 sjómílur frá næstu höfn þar sem nægileg sjúkragögn eru tiltæk og eru stöðugt innan þjónustusvæðis björgunarþyrlna. Í þessu skyni skal hvert aðildarríki miðla nýjustu upplýsingum um þau svæði þar sem boðið er upp á reglulega björgunarþyrlunum og við hvaða kringumstæður þyrlurnar starfa:

- a) til hinna aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar;
 - b) til skipstjóra skipa sem sigla undir fána þess eða eru skráð innan óskoraðrar lögsögu þess eða sem þetta snertir eða mun snerta vegna beitingar fyrsta undirlíðar þessarar neðanmálgreinar; miðla skal upplýsingunum á þann hátt sem frekast er viðunandi, til dæmis um fjarskiptalæknameiðstöðvar, miðstöðvar til að samhæfa björgunaraðgerðir eða fjarskiptastrandstöðvar.
-

II. VIÐAUKI

SJÚKRAGÖGN (SKRÁIN ER EKKI TÆMANDI)

(d-liður 1. gr.)

1. LYF

Flokkar skipa

	A	B	C
1. Blóðrás			
a) Lyf sem örva hringrás blóðs – aðrenhermandi	×	×	
b) Lyf gegn hjartaöng	×	×	×
c) Þvagræsilyf	×	×	
d) Lyf sem hefta blæðingar þ.m.t. samdráttarlyf fyrir leg ef konur eru um borð	×	×	×
e) Lyf sem lækka blóðþrýsting	×		
2. Meltingarkerfi			
a) Lyf gegn maga- og skeifugarnartruflunum — Histamín H ₂ lyf gegn magasári — Slímhimnuvörn gegn sýruáhrifum	×		
b) Lyf gegn uppsölum	×	×	×
c) Mýkjandi hægðalyf	×		
d) Stemmandi lyf gegn niðurgangi	×	×	×
e) Lyf gegn þarmasýkingum	×	×	
f) Lyf gegn gyllinæð	×	×	
3. Kvalastillandi lyf og krampalyf			
a) Kvalastillandi, hitalækkandi og bólgueyðandi lyf	×	×	×
b) Sterk kvalastillandi lyf	×	×	
c) Krampalyf	×	×	
4. Taugakerfið			
a) Róandi lyf	×	×	
b) Sefunarlyf	×	×	
c) Sjóveikilyf	×	×	×
d) Flogleysandi lyf	×		
5. Lyf gegn ofnæmi og bráðaofnæmi			
a) H ₁ andhistamín	×	×	
b) Inndælanlegir barksterar	×	×	
6. Öndunarferi			
a) Astmalyf	×	×	
b) Hóstalyf	×	×	
c) Lyf gegn kvefi og skútabólgu	×	×	

Flokkar skipa

	A	B	C
7. Sýkingarlyf			
a) Sýklalyf (a.m.k. tveir flokkar)	×	×	
b) Sýkladrepani súlfalyf	×	×	
c) Sýklalyf gegn þvagfærasýkingum	×		
d) Sníklalyf	×	×	
e) Lyf gegn sýkingum í þörmum	×	×	
f) Bóluefni gegn stífkampa, mótefni (ímmúnóglóbúlín)	×	×	
8. Innrennslisvökvar til að mæta vökvatapi, blæðingu eða vannæringu	×	×	
9. Lyf til útvortis nota			
a) <i>Húðlyf</i>			
— Sýklaeyðandi lausnir	×	×	×
— Sýkladrepani smyrsl	×	×	
— Bólgueyðandi og kvalastillandi smyrsl	×	×	
— Sveppaeyðandi húðkrem	×		
— Lyf til að meðhöndla brunasár	×	×	×
b) <i>Augnalyf</i>			
— Sýkladrepani dropar	×	×	
— Sýkladrepani og bólgueyðandi dropar	×	×	
— Deyfandi dropar	×	×	
— Þrýstingsminnkandi augndropar	×	×	
c) <i>Eyrnalyf</i>			
— Sýklalyfjalausnir	×	×	
— Deyfandi og bólgueyðandi lausnir	×	×	
d) <i>Lyf gegn munn- og hálsýkingum</i>			
— Sýkladrepani eða sýklaeyðandi munnskol	×	×	
e) <i>Staðdehyfilyf</i>			
— Staðdehyfing með frystingu	×		
— Staðdehyfilyf gefið með húðbeðsdælingu	×	×	
— Deyfandi og sýklaeyðandi blöndur til tannlækninga	×	×	

II. LÆKNINGATÆKI

	Flokkar skipa		
	A	B	C
1. Endurlífgunarbúnaður			
— Handvirk endurlífgunartæki	×	×	
— Tæki til að gefa súrefni með loka til að minnka þrýsting svo hægt sé að tengja við það iðnaðarsúrefni eða súrefniskút	×	× ⁽¹⁾	
— Vélræn sogdæla til að hreinsa efri öndunarveg	×	×	
— Holpípa til nota við munn-við-munn endurlífgun	×	×	×
2. Umbúðir og saumabúnaður			
— Einnota sáraklemma eða saumasett með nálum	×		
— Sjálflímandi teygjubindi	×	×	×
— Grisjubindi	×		
— Pípulaga grisjur til að búa um finger	×		
— Sótthreinsaðir grisjupúðar	×	×	×
— Bómull	×	×	
— Sótthreinsuð lök fyrir brunasjúklinga	×	×	
— Þríhyrndur fatli	×	×	
— Einnota hanskar úr pólýetyleni	×	×	×
— Heftiplástur	×	×	×
— Sótthreinsuð sárabindi	×	×	×
— Sjálflímandi sáraklemmur eða sinkoxíðbindi	×	×	×
— Saumagirni með áfastri nál	×		
— Vaselínbindi	×	×	
3. Tæki			
— Einnota skurðarhnífur	×		
— Tækjakassi úr ryðfríu stáli	×	×	
— Skæri	×	×	
— Tennt fjaðurtöng / tennt sáratöng	×	×	
— Slagæðaklemma	×	×	
— Nálahaldari	×		
— Einnota rakvélar	×		
4. Skoðunar- og eftirlitstæki			
— Einnota tunguspaðar	×	×	
— Svörunarstrimlar til þvaggreiningar	×		
— Kort fyrir hitalínurit	×		
— Sjúkdómsgreiningarseðlar til nota vegna sjúkraflutninga	×	×	
— Hlustpípa	×	×	
— Vökvalaus blóðþrýstingsmælir	×	×	
— Staðlaður hitamælir	×	×	
— Lághitamælir	×	×	

⁽¹⁾ Við notkunarskýrði sem mælt er fyrir um í landslögum og/eða tíðkast í starfi.

Flokkar skipa

5. Tæki til inndælingar, gegnflæðis, ástungu og holleggspræðingar

- Þvagleggur
- Stólpípa
- Einnota innrennlissett
- Poki til að safna þvagi
- Einnota sprautur og nálar
- Æðaleggur

6. Almenn lækningatæki

- Skábekken
- Hitapoki
- Þvagflaska
- Íspoki

7. Spelkur

- Mótanleg fingurpelka
- Mótanleg framhandleggs- og handarspelka
- Uppblásanleg spelka
- Lærleggsspelka
- Stífur hálskragi
- Thomas-spelka eða lofttæmispelka

8. Sótthreinsun, skordýraeyðing og sjúkdómsvarnir

- Sótthreinsiblanda fyrir vatn
- Skordýraeitur í vökvaformi
- Skordýraeitur í duftformi

A	B	C
×		
×		
×		
×		
×	×	
×		
×		
×		
×		
×		
×	×	
×	×	
×	×	
×	×	
×	×	
×		
×		
×		
×		

III. MÓTEFNI**1. Lyf**

- Almennt
- Blóðrásarkerfi
- Meltingarkerfi
- Taugakerfi
- Öndunarkerfi
- Sýkingareyðandi
- Til útvortis nota

2. Lækningatæki

- Nauðsynleg tæki við súrefnisgjöf (auk þess sem er nauðsynlegt til viðhalds búnaðarins)

Athugasemdir

Við nákvæma beitingu III. hluta geta aðildarríkin vísað til Leiðarvísis Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um skyndihjálpar til notkunar í slysatilvikum þar sem hættulegur varningur er annars vegar (MFAG), sem er að finna í skrá Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar yfir hættulegan varning sem fluttur er á sjó (heildarútgáfu frá 1990).

Ef III. hluti er aðlagður við framkvæmd 8. gr. má meðal annars hafa hliðsjón af endurskoðun MFAG-leiðarvísisins.

III. VIÐAUKI

HÆTTULEG EFNI

(e-liður 1. gr. og 1. mgr. 3. gr.)

Hafa ber hliðsjón af efnunum sem talin eru upp í þessum viðauka í hvaða formi sem þau eru flutt um borð, þar með talið í formi úrgangs eða farmleifa.

- sprengiefni og -hlutir,
- lofttegundir: undir þrýstingi, fljótandi eða uppleystar undir þrýstingi,
- eldfimir vökvar,
- eldfim föst efni,
- efni sem hætt er við sjálfsíkveikju,
- efni sem gefa frá sér eldfimar lofttegundir ef þær komast í snertingu við vatn,
- eldsneyti,
- lífræn peroxíð,
- eiturefni,
- smitandi efni,
- geislavirk efni,
- ætandi efni,
- ýmis hættuleg efni, þ.e. öll önnur efni sem reynslan sýnir, eða kann að sýna, að séu hættuleg þannig að beita þurfi ákvæðum 3. gr.

Athugasemdir

Við nákvæma beitingu þessarar tilskipunar geta aðildarríkin vísað til skrár Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar yfir hættulegan varning sem fluttur er á sjó (heildarútgáfu frá 1990).

Ef III. hluti er aðlagður við framkvæmd 8. gr. má meðal annars hafa hliðsjón af endurskoðun MFAG-leiðarvísisins.

IV. VIÐAUKI

ALMENN RAMMAÁKVÆÐI VIÐ SKOÐUN SJÚKRAGAGNA Í SKIPUM

(c-lið 1. mgr. 2 gr. og 3. mgr. 3. gr.)

A-HLUTI. SKIP Í FLOKKI A

I. Upplýsingar um skipið

Heiti:

Fáni:

Heimahöfn:

II. Sjúkragögn

	Magn sem krafist er	Magn sem er í raun um borð	Athugasemdir (einkum um geymsluþol)
1. LYF			
1.1. Blóðrás			
a) Lyf sem örva hringrás blóðs – aðrenhermandi	0	0	0
b) Lyf gegn hjartaöng	0	0	0
c) Þvagræsilyf	0	0	0
d) Lyf sem hefta blæðingar þ.m.t. samdráttarlyf fyrir leg ef konur eru um borð	0	0	0
e) Lyf sem lækka blóðþrýsting	0	0	0
1.2. Meltingarkerfi			
a) Lyf gegn maga- og skeifugarnartruflunum			
— Histamín H ₂ lyf gegn magasári	0	0	0
— Slímhimnuvörn gegn sýruáhrifum	0	0	0
b) Lyf gegn uppsölum	0	0	0
c) Mýkjandi hægðalyf	0	0	0
d) Stemmandi lyf gegn niðurgangi	0	0	0
e) Lyf gegn þarmasýkingum	0	0	0
f) Lyf gegn gyllinæð	0	0	0
1.3. Kvalastillandi lyf og krampalyf			
a) Kvalastillandi, hitalækkandi og bólgueyðandi lyf	0	0	0
b) Sterk kvalastillandi lyf	0	0	0
c) Krampalyf	0	0	0
1.4. Taugakerfið			
a) Róandi lyf	0	0	0
b) Sefunarlyf	0	0	0
c) Sjóveikilyf	0	0	0
d) Flogleysandi lyf	0	0	0
1.5. Lyf gegn ofnæmi og bráðaofnæmi			
a) H ₁ andhistamín	0	0	0
b) Inndælanlegir barksterar	0	0	0

	Magn sem krafist er	Magn sem er í raun um borð	Athuga- semdir (einkum um geymsluþol)
1.6. Öndunarfæri			
a) Astmalyf	0	0	0
b) Hóstalyf	0	0	0
c) Lyf gegn kvefi og skútubólgu	0	0	0
1.7. Sýkingarlyf			
a) Sýklalyf (a.m.k. tveir flokkar)	0	0	0
b) Sýkladrepandi súlfalyf	0	0	0
c) Sýklalyf gegn þvagfærasýkingum	0	0	0
d) Sníklalyf	0	0	0
e) Lyf gegn sýkingum í þörmum	0	0	0
f) Bóluefni gegn stífkrampa, mótefni (ímmúnóglóbúlín)	0	0	0
1.8. Innrennslisvökvar til að mæta vökvatapi, blæðingu eða vannæringu	0	0	0
1.9. Lyf til útvortis nota			
a) <i>Húðlyf</i>			
— Sýklaeyðandi lausnir	0	0	0
— Sýkladrepandi smyrsl	0	0	0
— Bólgueyðandi og kvalastillandi smyrsl	0	0	0
— Sveppaeyðandi húðkrem	0	0	0
— Lyf til að meðhöndla brunasár	0	0	0
b) <i>Augnalyf</i>			
— Sýkladrepandi dropar	0	0	0
— Sýkladrepandi og bólgueyðandi dropar	0	0	0
— Deyfandi dropar	0	0	0
— Þrýstingsminkandi augndropar	0	0	0
c) <i>Eyrmalyf</i>			
— Sýklalyfjalausnir	0	0	0
— Deyfandi og bólgueyðandi lausnir	0	0	0
d) <i>Lyf gegn munn- og hálskýkingum</i>			
— Sýkladrepandi eða sýklaeyðandi munnskól	0	0	0
e) <i>Staðdeyfilyf</i>			
— Staðdeyfing með frýstingu	0	0	0
— Staðdeyfilyf gefið með húðbeðsdælingu	0	0	0
— Deyfandi og sýklaeyðandi blöndur til tannlækninga	0	0	0
2. LÆKNINGATÆKI			
2.1. Endurlífgunarbúnaður			
— Handvirk endurlífgunartæki	0	0	0
— Tæki til að gefa súrefni með loka til að minnka þrýsting svo hægt sé að tengja við það iðnaðarsúrefni eða súrefniskút	0	0	0
— Vélræn sogdæla til að hreinsa efri öndunarveg	0	0	0
— Holpípa til nota við munn-við-munn endurlífgun	0	0	0

	Magn sem krafist er	Magn sem er í raun um borð	Athuga- sendir (einkum um geymsluþol)
2.2. Umbúðir og saumabúnaður			
— Einnota sáraklemma eða saumasett með nálum	0	0	0
— Sjálflímandi teygjubindi	0	0	0
— Grisjubindi	0	0	0
— Þrípulaga grisjur til að búa um fingur	0	0	0
— Sótthreinsaðir grisjupúðar	0	0	0
— Bómull	0	0	0
— Sótthreinsuð lök fyrir brunasjúklinga	0	0	0
— Þríhyrndur fatli	0	0	0
— Einnota hanskar úr pólýetýleni	0	0	0
— Heftiplástur	0	0	0
— Sótthreinsuð sárabindi	0	0	0
— Sjálflímandi sáraklemmur eða sinkoxíðbindi	0	0	0
— Saumagirni með áfastri nál	0	0	0
— Vaselínubindi	0	0	0
2.3. Tæki			
— Einnota skurðarhnífur	0	0	0
— Tækjakassi úr ryðfríu stáli	0	0	0
— Skæri	0	0	0
— Tennt fjaðurtöng / tennt sáratöng	0	0	0
— Slagæðaklemma	0	0	0
— Nálahaldari	0	0	0
— Einnota rakvélar	0	0	0
2.4. Skoðunar- og eftirlitstæki			
— Einnota tunguspaðar	0	0	0
— Svörunarstrimlar til þvaggreiningar	0	0	0
— Kort fyrir hitalínurit	0	0	0
— Sjúkdómsgreiningarseðlar til nota vegna sjúkraflutninga	0	0	0
— Hlustpípa	0	0	0
— Vökvalaus blóðþrýstingsmælir	0	0	0
— Staðlaður hitamælir	0	0	0
— Lághitamælir	0	0	0
2.5. Tæki til inndælingar, gegnflæðis, ástungu og holleggsþræðingar			
— Þvagleggur	0	0	0
— Stólpípa	0	0	0
— Einnota innrennslisett	0	0	0
— Poki til að safna þvagi	0	0	0
— Einnota sprautur og nálar	0	0	0
— Æðaleggur	0	0	0
2.6. Almenn lækningatæki			
— Skábekken	0	0	0
— Hitapoki	0	0	0
— Þvagflaska	0	0	0
— Íspoki	0	0	0

	Magn sem krafist er	Magn sem er í raun um borð	Athuga- sendir (einkum um geymsluþol)
2.7. Spelkur			
— Mótanleg fingurspelka	0	0	0
— Mótanleg framhandleggs- og handarspelka	0	0	0
— Uppblásanleg spelka	0	0	0
— Lærleggsspelka	0	0	0
— Stífur hálskragi	0	0	0
— Thomas-spelka eða lofttæmispelka	0	0	0
2.8. Sótthreinsun, skordýraeyðing og sjúkdómsvarnir			
— Sótthreinsiblanda fyrir vatn	0	0	0
— Skordýraeitur í vökvaformi	0	0	0
— Skordýraeitur í duftformi	0	0	0
3. MÓTEFNI			
3.1. Almennt	0	0	0
3.2. Blóðrásarkerfi	0	0	0
3.3. Meltingarkerfi	0	0	0
3.4. Taugakerfi	0	0	0
3.5. Öndunarkerfi	0	0	0
3.6. Sýkingareyðandi	0	0	0
3.7. Til útvortis nota	0	0	0
3.8. Annað	0	0	0
3.9. Nauðsynlegt við súrefnisgjöf	0	0	0

Staður og dagsetning:

Undirskrift skipstjóra:

Samþykki lögbærs einstaklings eða yfirvalds:

B-HLUTI. SKIP Í FLOKKI B**I. Upplýsingar um skipið**

Heiti:

Fáni:

Heimahöfn:

II. Sjúkragögn

	Magn sem krafist er	Magn sem er í raun um borð	Athuga- semdir (einkum um geymsluþol)
1. LYF			
1.1. Blóðrás			
a) Lyf sem örva hringrás blóðs – aðrenhermandi	0	0	0
b) Lyf gegn hjartaöng	0	0	0
c) Þvagræsilyf	0	0	0
d) Lyf sem hefta blæðingar þ.m.t. samdráttarlyf fyrir leg ef konur eru um borð	0	0	0
1.2. Meltingarkerfi			
a) Lyf gegn maga- og skeifugarnartruflunum — Slímhimnuvörn gegn sýruáhrifum	0	0	0
b) Lyf gegn uppsölum	0	0	0
c) Stemmandi lyf gegn niðurgangi	0	0	0
d) Lyf gegn þarmasýkingum	0	0	0
e) Lyf gegn gyllinæð	0	0	0
1.3. Kvalastillandi lyf og krampalyf			
a) Kvalastillandi, hitalækkandi og bólgueyðandi lyf	0	0	0
b) Sterk kvalastillandi lyf	0	0	0
c) Krampalyf	0	0	0
1.4. Taugakerfið			
a) Róandi lyf	0	0	0
b) Sefunarlyf	0	0	0
c) Sjóveikilyf	0	0	0
1.5. Lyf gegn ofnæmi og bráðaofnæmi			
a) H ₁ andhistamín	0	0	0
b) Inndælanlegir barksterar	0	0	0
1.6. Öndunarfæri			
a) Astmalyf	0	0	0
b) Hóstalyf	0	0	0
c) Lyf gegn kvefi og skútabólgu	0	0	0
1.7. Sýkingarlyf			
a) Sýklalyf (a.m.k. tveir flokkar)	0	0	0
b) Sýkladrepandi súlfalyf	0	0	0

	Magn sem krafist er	Magn sem er í raun um borð	Athuga- semdir (einkum um geymsluþol)
c) Sníklalyf	0	0	0
d) Lyf gegn sýkingum í þórmum	0	0	0
e) Bóluefni gegn stífkrampa, mótefni (ímmúnóglóbúlín)	0	0	0
1.8. Innrenslisvökvar til að mæta vökvatapi, blæðingu eða vannæringu	0	0	0
1.9. Lyf til útvortis nota			
a) <i>Húðlyf</i>			
— Sýklaeyðandi lausnir	0	0	0
— Sýkladrepandi smyrsl	0	0	0
— Bólgueyðandi og kvalastillandi smyrsl	0	0	0
— Lyf til að meðhöndla brunasár	0	0	0
b) <i>Augnalyf</i>			
— Sýkladrepandi dropar	0	0	0
— Sýkladrepandi og bólgueyðandi dropar	0	0	0
— Deyfandi dropar	0	0	0
— Þrýstingsminnkandi augndropar	0	0	0
c) <i>Eyrmalyf</i>			
— Sýklalyfjalausnir	0	0	0
— Deyfandi og bólgueyðandi lausnir	0	0	0
d) <i>Lyf gegn munn- og háls-sýkingum</i>			
— Sýkladrepandi eða sýklaeyðandi munnskól	0	0	0
e) <i>Staðdeyfilyf</i>			
— Staðdeyfilyf gefið með húðbeðsdælingu	0	0	0
— Deyfandi og sýklaeyðandi blöndur til tannlækninga	0	0	0
2. LÆKNINGATÆKI			
2.1. Endurlífgunarbúnaður			
— Handvirk endurlífgunartæki	0	0	0
— Tæki til að gefa súrefni með loka til að minnka þrýsting svo hægt sé að tengja við það iðnaðarsúrefni eða súrefniskút	0	0	0
— Vélræn sogdæla til að hreinsa efri öndunarveg	0	0	0
— Holpípa til nota við munn-við-munn endurlífgun	0	0	0
2.2. Umbúðir og saumabúnaður			
— Einnota sáraklemma eða saumasett með nálum	0	0	0
— Sjálflímandi teygjubindi	0	0	0
— Sóttthreinsaðir grisjupúðar	0	0	0
— Bómull	0	0	0
— Sóttthreinsuð lök fyrir brunasjúklinga	0	0	0
— Þríhyrndur fatli	0	0	0
— Einnota hanskar úr pólýetýleni	0	0	0
— Heftiplástur	0	0	0

	Magn sem krafist er	Magn sem er í raun um borð	Athuga- sendir (einkum um geymsluþol)
— Sótthreinsuð sárabindi	0	0	0
— Sjálf límami sáraklemmur eða sinkoxíðbindi	0	0	0
— Vaselínbindi	0	0	0
2.3. Tæki			
— Tækjakassi úr ryðfríu stáli	0	0	0
— Skæri	0	0	0
— Tenni fjaðurtöng / tennt sárátöng	0	0	0
— Slagæðaklemma	0	0	0
2.4. Skoðunar- og eftirlitstæki			
— Einnota tunguspaðar	0	0	0
— Sjúkdómsgreiningarseðlar til nota vegna sjúkraflutninga	0	0	0
— Hlustprípa	0	0	0
— Vökvalaus blóðþrýstingsmælir	0	0	0
— Staðlaður hitamælir	0	0	0
— Lághitamælir	0	0	0
2.5. Tæki til inndælingar, gegnflæðis, ástungu og holleggsþræðingar			
— Einnota sprautur og nálar	0	0	0
2.6. Spelkur			
— Mótanleg fingurpelka	0	0	0
— Mótanleg framhandleggs- og handarspelka	0	0	0
— Uppblásanleg spelka	0	0	0
— Lærleggsspelka	0	0	0
— Stífur hálskragi	0	0	0
3. MÓTEFNI			
3.1. Almennt	0	0	0
3.2. Blóðrásarkerfi	0	0	0
3.3. Meltingarkerfi	0	0	0
3.4. Taugakerfi	0	0	0
3.5. Öndunarkerfi	0	0	0
3.6. Sýkingareyðandi	0	0	0
3.7. Til útvortis nota	0	0	0
3.8. Annað	0	0	0
3.9. Nauðsynlegt við súrefnisgjöf	0	0	0

Staður og dagsetning:

Undirskrift skipstjóra:

Samþykki lögbærs einstaklings eða yfirvalds:

C-HLUTI. SKIP Í FLOKKI C

I. Upplýsingar um skipið

Heiti:

Fáni:

Heimahöfn:

II. Sjúkragögn

	Magn sem krafist er	Magn sem er í raun um borð	Athuga- semdir (einkum um geymsluþol)
1. LYF			
1.1. Blóðrás			
a) Lyf gegn hjartaöng	0	0	0
b) Lyf sem hefta blæðingar þ.m.t. samdráttarlyf fyrir leg ef konur eru um borð	0	0	0
1.2. Meltingarkerfi			
a) Lyf gegn uppsölum	0	0	0
b) Stemmandi lyf gegn niðurgangi	0	0	0
1.3. Kvalastillandi lyf og krampalyf			
— Kvalastillandi, hitalækkandi og bólgueyðandi lyf	0	0	0
1.4. Taugakerfið			
— Sjóveikilyf	0	0	0
1.5. Lyf til útvortis nota			
— Húðlyf			
— Sýklaeyðandi lausnir	0	0	0
— Lyf til að meðhöndla brunasár	0	0	0
2. LÆKNINGATÆKI			
2.1. Endurlífgunarbúnaður			
— Holpípa til nota við munn-við-munn endurlífgun	0	0	0
2.2. Umbúðir og saumabúnaður			
— Sjálflímandi teygjubindi	0	0	0
— Sótthreinsaðir grisjupúðar	0	0	0
— Einnota hanskar úr pólýetýleni	0	0	0
— Heftiplástur	0	0	0
— Sótthreinsuð sárabindi	0	0	0
— Sjálflímandi saraklemmur eða sinkoxíðbindi	0	0	0
3. MÓTEFNI			
3.1. Almenn	0	0	0
3.2. Blóðrásarkerfi	0	0	0
3.3. Meltingarkerfi	0	0	0

	Magn sem krafist er	Magn sem er í raun um borð	Athuga- sendir (einkum um geymsluþol)
3.4 Taugakerfi	0	0	0
3.5 Öndunarkerfi	0	0	0
3.6 Sýkingareyðandi	0	0	0
3.7 Til útvortis nota	0	0	0
3.8. Annað	0	0	0
3.9. Nauðsynlegt við súrefnisgjöf	0	0	0

Staður og dagsetning:

Undirskrift skipstjóra:

Samþykki lögbærs einstaklings eða yfirvalds:

—————

V. VIDAUKI

SJÚKRAÞJÁLFUN SKIPSTJÓRA OG SÉRSTAKLEGA SKIPADRA STARFSMANNA

(3. mgr. 5. gr.)

- I.
 1. Grundvallarþekking á lífeðlisfræði, einkennafræði og meðferðarfræði.
 2. Þekking á forvarnarlæknisfræði, einkum sameiginlegir og einstaklingsbundnir hollustuhættir auk þekkingar á sjúkdómsvarnarráðstöfunum sem kann að verða gripið til.
 3. Hæfni til að annast grundvallarmedferð og stjórna neyðarsjúkraflutningum frá skipi á sjó.
Einstaklingar sem bera ábyrgð á sjúkrameðferð um borð í skipum í A-flokki ættu ef hægt er að hljóta hagnýta þjálfun á sjúkrahúsum.
 4. Góð þekking á aðferðum við að nota fjarskiptabúnað til samráðs við læknamíðstöðvar.
 - II. Í þjálfuninni skal taka mið af leiðbeiningum sem mælt er fyrir um í viðkomandi nýlegum alþjóðlegum gögnum.
-